

Siðareglur PwC

Hvernig við högum okkar viðskiptum*



*connectedthinking

PRICEWATERHOUSECOOPERS 

Að starfa sem fagfólk. Stunda viðskipti af heilindum. Hafa í heiðri orðspor viðskiptavina okkar sem og okkar eigið. Koma fram við fólk og umhverfið af virðingu. Aðhafast af félagslegri ábyrgð. Starfa saman og huga að samkvæmt hverju við störfum. Hugleiða siðferðislegar hliðar starfs okkar. Þetta er connected thinking, dregið fram í siðareglum okkar.*

*connectedthinking

Að starfa samkvæmt okkar gildum

Okkar gildi eru: Afburðagæði (Excellence) -
Teymisvinna (Teamwork) - Forysta (Leadership)

Að ná Afburðagæðum


Við stöndum við það sem við höfum heitið og stefnum ávallt að því að fara fram úr væntingum viðskiptavina okkar. Afburðagæðum (Excellence) náum við með nýsköpun (Innovation), þekkingu (Learning) og hæfni til að draga réttar ályktanir (Agility).

Þróa Teymisvinnu

Bestu lausnirnar nást í góðri samvinnu við starfsfélaga og viðskiptavini og árangursrík teymisvinna næst með samskiptum (Relationships), virðingu (Respect) og þátttöku (Sharing).

Hvetja til Forystu

Við erum í forystu meðal viðskiptavina, starfsfólks og í hugmyndafræði. Forysta krefst hugrekkis (Courage), framsýni (Vision) og heiðarleika (Integrity).



Siðareglur PwC

Hvernig við högum okkar viðskiptum

PricewaterhouseCoopers (PwC)¹ er ein af stærstu fyrirtækjasamstæðum heims sem veitir sérfræðipjónustu fyrir viðskiptalífið.

Við erum faglegir ráðgjafar og aðstoðum viðskiptavinum okkar við úrlausn flókinna viðfangsefna og markmið okkar er að hjálpa þeim að skapa verðmæti, stjórna áhættu og bæta eigin frammistöðu.

Endurskoðendur gegna mikilvægu hlutverki í viðskiptalífi heimsins og við erum stolt af þeirri staðreynd að þjónusta okkar eykur verðmæti þess með því að bæta gagnsæi og skapa traust og stöðugleika í viðskiptum. Til þess að árangur náist verðum við að vaxa og þroskast bæði sem einstaklingar og sem fyrirtæki.

Meginmarkmið okkar: **Afburðagæði, Teymisvinna og Forysta** hjálpa okkur við að ná þessum árangri.

Við störfum í samræmi við viðurkenndar fagreglur, lög, reglugerðir og innri starfsreglur, en gerum okkur einnig grein fyrir því að þær ná ekki til allrar hegðunar. Þess vegna hafa verið settar fram siðareglur fyrir starfsfólk og fyrirtæki innan PwC. Þær reglur byggja á gildismati okkar og við færum það þrepi ofar – með því að sýna það í verki. Hvert PwC fyrirtæki hefur síðan möguleika á að útfæra reglurnar nánar til samræmis við þarfir í heimalandi sínu.

Öllum starfsmönnum PwC ber að þekkja og skilja þær leiðbeiningar sem í siðareglunum felast og gildismatið sem þær eru grundvallaðar á. En það er ekki nægjanlegt að þekkja og skilja, heldur ber okkur einnig skylda til að framfylgja þessum reglum og þeirri hugmyndafræði sem þær byggja á og aðstoða aðra við að gera það líka. Einstakir starfsmenn eru hvattir til að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri eftir eðlilegum boðleiðum og við rétta aðila.

Reglurnar veita víðtæka leiðsögn að því er varðar ráðvendni og viðskiptasiðferði, en engar reglur ná til allra þeirra aðstæðna sem upp kunna að koma í starfi. Reglur koma þó í staðinn fyrir ábyrgð okkar og skyldu til að beita skynsemi og leita leiðbeininga um siðferði í viðskiptum. Leiðbeiningarnar fáum við hjá þeim sem bera ábyrgð á þessum þáttum innan fyrirtækisins.

Styrkur fyrirtækis okkar liggur í sameiginlegri þekkingu og reynslu starfsmanna og því hvernig til tekst við að miðla þeim verðmætum á milli þeirra.

¹ Alþjóðleg samstæða fyrirtækja PricewaterhouseCoopers (www.pwc.com) veitir þjónustu á sviði endurskoðunar, skatta- og lögfræðiráðgjafar og fyrirtækjaráðgjafar, með sérhæfingu atvinnugreina að leiðarljósi. Markmið PwC er að skapa traust og mynda virðisauka fyrir viðskiptavinum sínum og viðskiptaaðila þeirra. Yfir 146.000 manns í 150 löndum starfa innan PricewaterhouseCoopers samstæðunnar og deila sín á milli hugsjónum, reynslu og lausnum til að mynda nýja sýn og veita hagræma ráðgjöf.

Stuðningur við orðspor PricewaterhouseCoopers

- Viðskiptavinir okkar og starfsfélagar treysta PwC á grundvelli faglegrar hæfni og heiðarleika okkar og það orðspor viljum við tryggja.
- Við sækjumst eftir að þjónusta einungis þá viðskiptavini sem við erum hæf til að þjóna, þá sem meta þjónustu okkar og þá sem við teljum að fari eftir viðteknum siðareglum um lögmæti og heiðarleika.
- Þegar við höldum fyrirlestur fyrir áheyrendur sem mega ætla að við séum fulltrúar PwC, þá látum við álit PwC í ljós en ekki okkar eigið álit.
- Við notum öll verðmæti sem tilheyra PwC og viðskiptavinum, á ábyrgan hátt og aðeins í löglegum og leyfilegum tilgangi. Þetta gildir jafnt um áþreifanleg verðmæti sem eignarrétt eða rafræn verðmæti.



Fagleg hegðun

- Við veitum faglega þjónustu í samræmi við stefnu PwC og viðeigandi tæknilega og faglega staðla.
- Við bjóðum aðeins þá þjónustu sem við getum veitt og stöndum við skuldbindingar okkar.
- Við veitum kröftuga samkeppni í störfum okkar sem eru aðeins á þeim sviðum sem eru lögleg og siðferðilega rétt.
- Við stöndum við samninga sem við gerum og verðleggjum þjónustu okkar af sanngirni.
- Við virðum trúnað og leynd við viðskiptavinum okkar, starfsfólk og aðra sem við eigum viðskipti við. Við notum ekki trúnaðarupplýsingar til persónulegra nota, til hagsbóta fyrir PwC eða til hagsbóta fyrir þriðja aðila án heimildar. Við opinberum einungis trúnaðarupplýsingar þegar nauðsyn krefur og þegar viðeigandi samþykki hefur fengist og / eða við erum knúin til þess af lögum, reglugerðum eða faglegum kröfum.

- Við leggjum áherslu á að forðast hagsmunaárekstra. Ef við teljum að hagsmunir aðila séu best tryggðir með ákveðnum aðgerðum, þrátt fyrir að hagsmunaárekstrar geti komið upp, munum við framkvæma þær.
- Við metum sjálfstæða hugsun mikils. Við virðum traust viðskiptavina okkar og annarra, sem hlut eiga að máli, með því að halda okkur við lögboðna og faglega staðla, sem eru settir til þess að við getum náð þeim markmiðum sem nauðsynleg eru í starfi okkar. Til þess að svo megi verða, kappkostum við að tryggja að ekki sé slakað á óhæði okkar í raun eða ásýnd. Við tökumst á við kringumstæður sem veikja eða virðast veikja hlutleysi okkar.
- Þegar við stöndum frammi fyrir erfiðum málum eða málum sem skapa PwC áhættu, leitum við ráða hjá réttum aðilum innan PwC áður en við tökum ákvörðun. Við fylgjum reglum sem fyrirtækið setur um það hvenær samráðs er þörf.
- Við hvorki þiggjum né greiðum mútur.

Að bera virðingu fyrir öðrum

- Við komum fram við starfsfélaga okkar, viðskiptavini og aðra sem við eigum viðskipti við með virðingu, sæmd, sanngirni og kurteisi.
- Við erum stolt af fjölbreytileika meðal starfsfólks okkar og lítum á hann sem kost sem hlúa ber að í samkeppnisumhverfi.
- Starfsumhverfi okkar er laust við mismunun eða áreitni.
- Við reynum að gæta jafnvægis milli vinnu og einkalífs og aðstoðum aðra í því efni.
- Við leitumst við að þróa sífellt hæfni okkar og hæfileika.
- Við leggjum áherslu á öruggt vinnuumhverfi fyrir starfsfólk okkar.



Pegnréttur innan fyrirtækis

- Við styðjum grundvallarmannréttindi og forðumst að taka þátt í viðskiptum sem lítilsvirða slík réttindi.
- Við erum ábyrgir þegar og öll okkar framkoma er í samræmi við lög, venjur og siði þess þjóðfélags sem við störfum í og stuðlum að framþróun þess.
- Við leggjum áherslu á að starfsemi okkar skaði ekki umhverfið.
- Við styðjum hvers konar góðgerða-, menntunar- og samfélagslega starfsemi.
- Við styðjum alþjóðlega og innlenda viðleitni til að útrýma spillingu og glæpsamlegri fjármálastarfsemi.



Ábyrgð okkar

Siðareglur PwC skilgreina hvernig við eigum að haga okkur í viðskiptum við margvíslegar aðstæður. Hér á eftir fylgir rammi sem fjallar um nánari útfærslu á siðareglunum.

Við berum ábyrgð á því að fylgja ávallt siðareglum og stefnu PwC og aðstoða aðra í því. Ef tilkynnt er um frávik eða grunur leikur á að ekki sé farið eftir reglunum verða slík tilvik skoðuð sérstaklega og gripið til ráðstafana eftir því sem þörf krefur.

Við erum hvött til að skýra frá áhyggjuefnum okkar af trúverðugleika, hreinskilni, heiðarleika og vinsemd. PwC skuldbindur sig á móti til að vernda aðila gegn hefndaraðgerðum. Þeir sem taka við ábendingum skulu leysa þau viðfangsefni sem þeim berast.

Brot á siðareglum, starfsreglum eða stefnu PwC sæta viðurlögum og geta leitt til brottrekstrar úr starfi. Viðurlög vegna agabrots beinast einnig að þeim sem valda því, samþykkja brotið eða hafa vitneskju um það, en grípa ekki strax til viðeigandi ráðstafana.

Við störfum í anda samvinnu PwC fyrirtækjanna og stefnum að sameiginlegum viðskiptamarkmiðum. Í álitamálum varðandi viðskiptasiðferði eða alþjóðleg verkefni ber ávallt að fylgja settum reglum í því landi sem reksturinn er í. Ef við teljum úrlausn ekki viðunandi þar verðum við að leita lausna í heimalandi okkar. Málið verður síðan rætt milli stjórnenda í hlutaðeigandi löndum.



Rammi að ákvörðunartöku um siðfræðileg mál:

Við ákvörðunartöku í siðfræðilegum málum skaltu fylgja eftirfarandi þrepum, og spyrja þig þessara spurninga

1. Leggja mat á atvikið, ákvörðunina eða viðfangsefnið.

- Er verið að biðja þig um að gera eitthvað, sem þú telur vera rangt?
- Hefur þú vitneskju um hegðun einhvers innan PwC eða hjá viðskiptavini sem gæti verið ólögleg eða siðlaus?
- Ert þú að reyna að taka ákvörðun og ert óviss um siðfræðilega rétt viðbrögð?

2. Hugsaðu áður en þú aðhefst.

- Dragðu saman og útskýrðu viðfangsefnið.
- Spurðu þig hvers vegna þetta álitamál er til staðar.
- Hugleiddu möguleikana og afleiðingarnar.
- Hugleiddu hverjir verða fyrir áhrifum af málinu.
- Ráðfærðu þig við aðra.

3. Taktu ákvörðun.

- Leggðu mat á ábyrgð þína.
- Farðu yfir allar viðeigandi staðreyndir og upplýsingar.
- Taktu mið af reglum PwC og faglegum stöðlum.
- Leggðu mat á áhættu og hvernig þú getur dregið úr henni.
- Hugleiddu bestu leiðina.
- Ráðfærðu þig við aðra.

4. Prófaðu ákvörðun þína.

- Hugleiddu siðfræðilegu spurningarnar sem hafa ber í huga.
- Notaðu gildismat PwC við ákvörðunartöku þína.
- Vertu viss um að þú hafir íhugað reglur PwC, lög og faglega staðla.
- Ráðfærðu þig við aðra – tryggðu þér þeirra álit á því sem þú ætlar að gera.

5. Hafðu trú á sjálfum þér.

- Láttu hlutaðeigandi aðila vita af ákvörðun þinni og rökstuddu hana.
- Íhugaðu hvaða lærdóm má draga af ákvörðuninni.
- Deildu frásögnum af því sem vel gengur með öðrum.

Yfirlit um nokkrar siðfræðilegar spurningar sem hafa ber í huga

- Er málið í andstöðu við PwC eða faglega staðla?
- Er þetta rétt?
- Er það löglegt?
- Mun það hafa neikvæð áhrif á þig eða PwC?
- Hverjir munu verða fyrir áhrifum af málinu (innan PwC, viðskiptavinir, þú o.s.frv.)?
- Myndirðu skammast þín ef aðrir vissu hvernig þú brást við?
- Er hægt að bregðast öðruvísi við, án þess að það kosti siðfræðilegt vandamál?
- Hvernig liti þetta út sem frétt í fjölmiðlum?
- Hvað myndi samviskusamur maður hugsa?
- Sefur þú um nætur?

Nánari upplýsingar er að finna á:
www.pwc.com/ethics

www.pwc.com